



## 521. Stjórnarfundur haldinn 21. mars 2019 kl:18:00

### Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Már Bragason (BMB) og Sveinbjörg Sigurðardóttir (SS)  
Fjarverandi: Eva Björk Sveinsdóttir (ES) og Jónína Steinunn Helgadóttir (JH).

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

### 2. Innkomin bréf

Erindi frá körfuknattleiksdeild Keflavíkur um framlengingu á yfirdrætti við Landsbanka Íslands.  
*Samþykkt og framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu.*

### 3. Send bréf

Bréf sent Landsbanka Íslands útibúi Reykjanesbæjar vegna heimildar til framlengingar á yfirdrætti körfuknattleiksdeildar Keflavík.

Bréf sent fyrir hönd knattspyrnudeildar Keflavíkur á Hafþór Barða Birgisson íþrótt- og tólmstundafulltrúar Reykjanesbæjar vegna æfingasvæðis fyrir aftan Reykjaneshöll.

Bréf sent fyrir hönd körfuknattleiksdeild Keflavíkur vegna lokunar á virðisaukaskattsnúmeri og leiðréttingarskýrslu á vaski.

### 4. Formanna- og gjaldkerafundur

Fundargerð formanna- og gjaldkerafundar lá fyrir fundinum. Aðalstjórn ánægð með fundinn. Skipa í nefnd um innrastarf félagsins. *EH og PMK eru fulltrúar aðalstjórnar og framkvæmdastjóra falið að kalla eftir einu nafni frá knattspyrnu-, körfuknattleiks- og fimleikadeild sem mynda nefndina.* Skipa fulltrúa til að ræða við Reykjanesbæ með samstarfssamning varðandi félagsheimilið. *Ákveðið að BMB og SS taki þetta að sér.*

### 5. Afmælisdagur Keflavíkur

Ákveðið að aðalstjórn verði afmælisnefndin ásamt einum fulltrúa frá hverri deild. *Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir einu nafni frá hverri deild.*

### 6. Umhverfisdagur Keflavíkur

Umhverfisdagur Keflavíkur verður 6. maí.

### 7. Málefni kattspyrnudeildar

EH og PMK sögðu frá fundi sem þeir áttu með formanni og framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar Keflavíkur vegna stöðu fjármála deildarinnar. Knattspyrnudeildin er að óska eftir því að fá heimild til að taka lán allt að 15.000.000,- til að geta greitt uppsafnaðar skuldir. Fjárhagsáætlun 2019 gerir ráð fyrir hagnaði. Fram að þeim tíma þegar lánið verður greitt út er verið að óska eftir 5.000.000 kr. skammtímaláni frá aðalstjórn sem greitt yrði með því láni sem yrði tekið. Umræður urðu um málið. *Samþykkt að veita heimild til að taka lán allt að 15.000.000,- og einnig að veita 5.000.000 skammtímalán sem verður endurgreitt þegar bankalánið verður greitt út. Þessi heimild er gerð með þeim skilyrðum að aðalstjórn samþykkir þá fjárhagsáætlun sem henni hefur verið sýnt og allar aðrar skuldbindingar deildarinnar verður að bera undir aðalstjórn til samþykktar. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu.*

### 8. Önnur mál

Úrslitakeppnin í körfuknattleik hefst hjá Keflavík 22. mars.

Knattspyrnan hefst svo 5. maí. Ákveðið að fjárfesta í stuðningsmannakorti fyrir stjórnarmenn.

Búið er að senda inn skattframtal fyrir aðalstjórn og deildir.

Verið er að vinna í því að stjórnir félagsins séu rétt skráða hjá RSK.

Aflaheimildar þeirra sem eiga eftir að gefa leyfi til upplýsingaöflunar úr sakaskrá ríkisins.

BS kom inn á málefni ÍRB en formaðurinn Rúnar Arnarson, BS og Jenný UMFN gefa ekki kost á sér til endurkjörs.

Næsti fundur verður 4. apríl 2019.

Fundi slitið kl. 19:30. Fundinn ritaði BS.

